

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/344 2021/EES/34/30****frá 14. nóvember 2017**

**um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru viðmiðanir sem varða aðferðafræðina við að meta mismunandi meðhöndlun í skilameðferð (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja <sup>(1)</sup>, einkum 4. mgr. 74. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt þykir að hafa reglur sem fastsetja aðferðafræði fyrir framkvæmd mats sem miðar að því að ákvarða hvort munur sé á eiginlegri meðhöndlun hluthafa og lánardrottna, þar sem framkvæmdar hafa verið ein eða fleiri skilaaðgerðir, og fjárhæðinni sem þessir hluthafar og lánardrottinnar hefðu fengið ef stofnunin eða einingin, sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, („aðili“), hefði fallið undir hefðbundna ógjaldfærimeðferð á þeim degi þegar ákvörðunin um að taka aðilann til skilameðferðar var samþykkt í samræmi við 82. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
- 2) Hvers konar munur á meðhöndlun, sem leiðir til meira taps í skilameðferð fyrir tiltekna hluthafa eða lánardrottna, ætti að veita þeim hluthöfum og lánardrottnum rétt til bóta úr fjármögnunarfyrirkomulagi vegna skilameðferðar skv. e-lið 1. mgr. 101. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
- 3) Óháður aðili, sem uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 38. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1075 <sup>(2)</sup>, („matsaðili“), ætti að framkvæma eftirámatið eins fljótt og auðið er eftir að skilaaðgerðinni eða skilaaðgerðunum hefur verið hrundið í framkvæmd, jafnvel þó það gæti tekið nokkurn tíma að ljúka henni eða þeim. Þetta mat ætti að byggjast á fyrirliggjandi upplýsingum sem eiga við daginn sem ákvörðunin um að taka aðilann til skilameðferðar er samþykkt, til að endurspeglar nægilega vel sérstakar aðstæður, svo sem erfiðar markaðsaðstæður, sem til staðar eru á þeim ákvörðunardegi skilameðferðar. Upplýsingar sem fengnar eru eftir ákvörðunardag skilameðferðar ætti aðeins að nota ef raunhæft er að ætla að þær hafi verið kunnar á þeim degi.
- 4) Til að tryggja að ítarlegt og raunhæft mat fari fram ætti matsaðilinn að hafa aðgang að öllum viðeigandi lagagögnum, þ.m.t. skrá yfir allar kröfur og skilyrtar kröfur á hendur aðilanum sem flokkaðar eru í samræmi við forgang þeirra samkvæmt hefðbundinni ógjaldfærimeðferð. Matsaðilinn ætti að geta gert samkomulag til að fá sérfræðiálit eða nýta sérfræðipækkingu eins og aðstæður krefjast.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjótd. ESB L 67, 9.3.2018, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 187/2018 frá 10. júlí 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjótd. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1075 frá 23. mars 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina inntak endurbótaáætlana, skilaaætlana og skilaaætlana samstæðu, lágmarksviðmið sem lögbært yfirvald á að meta að því er varðar endurbótaáætlanir og endurbótaáætlanir samstæðu, skilyrði fyrir fjárstuðningi innan samstæðu, kröfur til óháðra matsaðila, sammingsbundna viðurkenningu á niðurfærslu- og umbreytingarheimildum, verklag og inntak tilkynningarskyldu og tilkynningar um frestun og rekstrarlega starfsemi skilaráðanna (Stjótd. ESB L 184, 8.7.2016, bls.1).

- 5) Til að ákvarða hvernig meðhöndlun þeir hluthafar og lánardrottinn hefðu fengið ef aðilinn hefði fallið undir hefðbundna ógjaldfærni meðferð, ætti matsaðilinn að ákvarða áætlaða tímasetningu og fjárhæðir hreins sjóðstreymis sem hver hluthafi og lánardrottinn hefði fengið út úr ógjaldfærni meðferðinni, án þess að gera ráð fyrir nokkurri ríkisaðstoð, afvaxtaðar með viðeigandi afvöxtunarstuðli eða stuðlum. Við ákvörðun slíks mats, og þar sem við á og skiptir máli, gæti matsaðilinn einnig vísað til upplýsinga um nýlega reynslu af ógjaldfærni svipaðra lánastofnana.
- 6) Ákvarða ætti eiginlega meðhöndlun hluthafa og lánardrottina í skilameðferð með tilliti til þess hvort slíkir hluthafar og lánardrottinn hafi fengið bætur í formi hlutabréfa, skuldabréfa eða reiðufjár í kjölfar samþykktar skilaaðgerðar.
- 7) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 8) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahópsins um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 <sup>(1)</sup>.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### *1. gr.*

#### **Almenn ákvæði**

1. Í þeim tilgangi að ákvarða meðhöndlun hluthafa og lánardrottina samkvæmt hefðbundinni ógjaldfærni meðferð, skal matið aðeins byggjast á upplýsingum um staðreyndir og aðstæður sem voru til staðar og raunhæft er að ætla að hafi verið kunnar á ákvörðunardegi skilameðferðar og sem, ef matsaðilinn hefði vitað um þær, hefðu haft áhrif á mat eigna og skuldbindinga aðilans á þeim degi.

Í þessari reglugerð merkir „ákvörðunardagur skilameðferðar“ daginn þegar ákvörðunin um að hefja skilameðferð aðila er samþykkt skv. 82. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

2. Í þeim tilgangi að ákvarða eiginlega meðhöndlun hluthafa og lánardrottina í skilameðferð skal matsaðilinn treysta á fyrirliggjandi upplýsingar er varða staðreyndir og aðstæður sem voru til staðar daginn eða dagana sem meðhöndlun fór fram eða þegar hluthafar og lánardrottinn fengu bætur („meðhöndlunardagur eða -dagar“).

3. Viðmiðunardagsetning matsins skal vera ákvörðunardagur skilameðferðar sem getur verið annar en meðhöndlunardagur. Telji matsaðilinn áhrifin af því að afvaxta greiðslurnar vera óveruleg, má gera beinan samanburð á óafvöxtuðum greiðslum, á þeim degi þegar skilaaðgerðin fór fram, og afvaxtaðri fjárhæð áætlaðra greiðslna sem hluthafar og lánardrottinn hefðu fengið ef aðilinn hefði farið í hefðbundna ógjaldfærni meðferð á ákvörðunardegi skilameðferðar.

##### *2. gr.*

#### **Skrá yfir eignir og kröfur**

1. Matsaðilinn skal útbúa skrá yfir allar aðgreinanlegar og skilyrtar eignir sem aðilinn á. Slík skrá skal innihalda eignir sem sannanlega tengjast sjóðstreymi eða raunhæft er að ætla að tengist því.

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

2. Matsaðilinn skal fá aðgang að skrá yfir allar kröfur og skilyrtar kröfur á hendur aðilanum. Á þeirri skrá skal flokka allar kröfur og skilyrtar kröfur í samræmi við forgang þeirra samkvæmt hefðbundinni ógjaldfærni meðferð. Matsaðilinn getur gert samkomulag um sérfræðiálit eða nýtt sérfræðipækningu að því er varðar hvort forgangsröð krafna sé í samræmi við gildandi lög um ógjaldfærni.
3. Matsaðilinn skal sérstaklega tilgreina veðsettar eignir og kröfur sem tryggðar eru með þessum eignum.

3. gr.

### Prep í matinu

Til að ákvarða hvort til staðar sé munur á meðhöndlun, eins og um getur í 2. mgr. 74. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, skal matsaðilinn meta:

- a) meðhöndlunina sem hluthafar og lánardrottinnar, sem féllu undir skilaaðgerðir eða viðeigandi innstæðutryggingakerfi, hefðu fengið ef aðilinn hefði farið í hefðbundna ógjaldfærni meðferð á ákvörðunardegi skilameðferðar, án tillits til hvort veittur var sérstakur opinber fjárstuðningur,
- b) virði endurskipulögðu krafna, eftir að eftirgjafarúrræðinu eða öðrum heimildum og úrræðum skilastjórnvalds hefur verið beitt, eða annarra greiðslna sem hluthafar og lánardrottinnar fá á meðhöndlunardegi eða dögum, afvaxtað aftur til ákvörðunardags skilameðferðar ef nauðsynlegt telst til að geta borið hana saman við meðhöndlunina sem um getur í a-lið á sanngjarnan hátt,
- c) hvort niðurstaða meðhöndlunarinnar í a-lið er umfram niðurstöðu úr matinu sem um getur í b-lið fyrir hvern lánardrottinn fyrir sig í samræmi við forgangsröðun samkvæmt hefðbundinni ógjaldfærni meðferð eins og greint er í samræmi við 2. gr.

4. gr.

### Ákvörðun á meðhöndlun hluthafa og lánardrottna samkvæmt hefðbundinni ógjaldfærni meðferð

1. Aðferðafræðin við framkvæmd matsins skv. a-lið 3. gr. skal takmarkast við að ákvarða afvaxtaða fjárhæð vænts sjóðstreymis samkvæmt hefðbundinni ógjaldfærni meðferð.
2. Vænt sjóðstreymi skal afvaxtað með stuðli eða stuðlum sem endurspegla, eins og við á, tímasetninguna sem tengist væntu sjóðstreymi, ríkjandi aðstæður á ákvörðunardegi skilameðferðar, áhættulausa vexti, áhættuálag fyrir svipaða fjármálagerninga sem gefnir eru út af svipuðum aðilum, markaðsaðstæður eða afvöxtunarstuðla sem mögulegir yfirtökuaðilar nota og önnur viðeigandi einkenni þáttarins eða þáttanna sem verið er að meta („viðeigandi afvöxtunarstuðull“). Þar sem við á vegna matsins skal viðeigandi afvöxtunarstuðull ekki gilda ef sérstakir stuðlar eru tilteknir í viðeigandi lögum um ógjaldfærni eða samkvæmt venju.
3. Við ákvörðun á afvaxtaðri fjárhæð vænts sjóðstreymis samkvæmt hefðbundinni ógjaldfærni meðferð skal matsaðilinn taka tillit til eftirfarandi atriða:
  - a) viðeigandi laga um ógjaldfærni og framkvæmd í viðkomandi lögsögu sem getur haft áhrif á þætti eins og væntanlegt ráðstöfunartímabil eða endurheimtarhlutföll,
  - b) raunhæfs fyrirsjáanlegs kostnaðar við umsýslu, viðskipti, viðhald, ráðstöfun og annað sem stjórnandi eða skiptastjóri hefði stofnað til, sem og fjármögnunarkostnaðar,
  - c) upplýsinga um nýleg, fyrri ógjaldfærnimál svipaðra aðila, ef við á og máli skiptir.
4. Að því er varðar eignir sem viðskipti eru með á virkum markaði skal matsaðilinn nota sannreynanlegt verð nema þar sem sérstakar aðstæður hamla markaðshæfi eigna aðilans, svo sem samþjöppun, metnun og dýpt markaðarins.

5. Að því er varðar eignir sem ekki eru viðskipti með á virkum markaði skal matsaðilinn taka tillit til fjölda þátta þegar hann ákvarðar fjárhæð og tímasetningu vænts sjóðstreymis, þ.m.t.:
- a) sannreynanlegs verðs á virkum mörkuðum þar sem viðskipti eru með svipaðar eignir,
  - b) sannreynanlegs verðs í hefðbundinni ógjaldfærnimeðferð eða annars konar viðskiptum vegna fjárhagserfiðleika sem snerta eignir af svipuðu eðli og með svipuð skilyrði,
  - c) sannreynanlegs verðs í viðskiptum sem snerta rekstrarsölu eða yfirfærslu til brúarstofnunar eða eignaumsýslufélags í sambandi við skilameðferð sem tengist svipuðum aðilum,
  - d) hversu líklegt er að eign skapi hreint innstreymi handbærs fjár samkvæmt hefðbundinni ógjaldfærnimeðferð,
  - e) væntanlegra markaðsaðstæðna innan tiltekins ráðstöfunartímabils, þ.m.t. markaðsdýptar og getu markaðarins til að koma nægilega miklu af eignunum í verð á því tímabili, og
  - f) að lengd tiltekins ráðstöfunartímabils skuli endurspegla áhrif gildandi laga um ógjaldfærni, þ.m.t. áætlaðrar lengdar slitameðferðarinnar, eða einkenna viðkomandi eigna.
6. Matsaðilinn skal skoða hvort fjárhagsstaða aðilans hefði haft áhrif á vænt sjóðstreymi, t.d. með því að takmarka getu skiptastjóra til að semja um skilyrði við mögulega kaupendur.
7. Þar sem hægt er, og með fyrirvara um gildandi ákvæði viðkomandi ógjaldfærnireglna, skal sjóðstreymið endurspegla samningsbundinn, lögboðinn eða annan lagalegan rétt lánardrottna eða hefðbundna framkvæmd við ógjaldfærni.
8. Áætluðum greiðslum, sem leiða af matinu, skal skipt milli hluthafa og lánardrottna í samræmi við forgangsröðun þeirra samkvæmt gildandi lögum um ógjaldfærni, eins og kveðið er á um í 3. gr.
9. Í þeim tilgangi að ákvarða ótryggða fjárhæð afleiðukrafna við ógjaldfærni, skal matsaðilinn nota aðferðafræði sem sett er fram í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1401 <sup>(1)</sup>, að því marki sem samræmist lögum um ógjaldfærni og venjum.

5. gr.

#### **Ákvörðun á eiginlegri meðhöndlun hluthafa og lánardrottna í skilameðferð**

1. Matsaðilinn skal tilgreina allar kröfur sem eftir standa, eftir niðurfærslu eða umbreytingu fjármagnsgerninga og beitingu hvers konar skilaaðgerða, og útteila þeim kröfum til þeirra lögaðila og einstaklinga sem voru hluthafar og lánardrottinnar aðilans á ákvörðunardegi skilameðferðar. Matsaðilinn skal ákvarða eiginlega meðhöndlun lögaðila og einstaklinga, sem voru hluthafar og lánardrottinnar á ákvörðunardegi skilameðferðar, í samræmi við 2. og 4. mgr., nema þeir fái bætur í peningum í kjölfar skilameðferðarinnar.
2. Ef lögaðilar og einstaklingar sem voru hluthafar og lánardrottinnar á ákvörðunardegi skilameðferðar fá bætur í formi hlutafjár í kjölfar skilameðferðarinnar skal matsaðilinn ákvarða eiginlega meðhöndlun þeirra með því að meta heildarvirði hlutanna sem voru framseldir eða gefnir út sem endurgjald til eigenda umreiknaðra fjármagnsgerninga eða til lánardrottna sem sættu eftirgjöf. Hægt er að bygga það mat á áætluðu markaðsverði sem leiðir af almennt viðurkenndum markaðsverðum.
3. Ef lögaðilar og einstaklingar sem voru hluthafar og lánardrottinnar aðilans á ákvörðunardegi skilameðferðarinnar fá bætur í formi skuldagerninga í kjölfar skilameðferðar skal matsaðilinn taka tillit til þátta eins og breytinga á samningsbundnu sjóðstreymi í kjölfar niðurfærslu eða umbreytinga eða beitingar annarra skilaaðgerða, sem og viðeigandi afvöxtunarstuðuls, við ákvörðun á eiginlegri meðhöndlun.

<sup>(1)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1401 frá 23. maí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir aðferðafræði og meginreglur um virðismat á skuldbindingum sem myndast vegna afleiðna (Stjtð. ESB L 228, 23.8.2016, bls. 7).

4. Að því er varðar aðrar útistandandi kröfur getur matsaðilinn, ásamt þeim þáttum sem lýst er í 2. og 3. mgr., tekið tillit til sannreynanlegs verðs á virkum mörkuðum með sömu eða svipaða gerninga og gefnir eru út af aðilanum sem er í skilameðferð eða svipuðum aðilum, ef það er til staðar.

*6. gr.*

#### **Matsskýrsla**

Matsaðilinn skal útbúa matsskýrslu til skilastjórnvaldsins sem skal a.m.k. innihalda eftirfarandi þætti:

- a) samantekt á matinu þar sem m.a. koma fram matsbilin og helstu óvissuþættir í matinu,
- b) útskýringu á lykilaðferðafræði og -forsendum sem notast er við og hve viðkvæmt matið er fyrir þessum kostum,
- c) útskýringu, ef við á, á því af hverju matið er frábrugðið annars konar viðeigandi mati, þ.m.t. mati vegna skilameðferðar sem gert er í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/345 eða annars konar mati vegna eftirlits eða reikningsskila.

*7. gr.*

#### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. nóvember 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---